



Áhrif á öryggi virkra ferðamáta vegna algrænna umferðarljósá. Herdís Birna Hjaltalín og Davíð Guðbergsson. VSÓ ráðgjöf ehf. – mars 2023.

Samantekt skýrsluhöfunda:

Við gatnamót Suðurstrandar/Nesvegs var skipt út umferðarljósum haustið 2021. Eftir breytingu eru umferðarljósín með algræna umferðarljósastýringu (e. „All-Green“ ljósafasa) og er tilgangurinn með framkvæmdinni að auka umferðaröryggi gangandi. Umferðarljósastýring telst algræn þegar öll gönguljós við tiltekin gatnamót verða græn á sama tíma og akstursstraumar fá rautt á meðan. Ljósín voru áður með grænt gönguljós samhliða akstursstefnu.

Með framkvæmdinni myndaðist tækifæri til að afla gagna um ástand fyrir og eftir breytingu til að meta áhrif hennar á umferðaröryggi. Aðferðarfræðin snýst um að taka upp myndefni við gatnamótin og nota myndgreiningartækni til að meta fjölda hættulegra atburða („næstum-því-slysa“) sem koma að öðru leiti ekki fram í hefðbundinni slysatölfræði.